

Mánudaginn 14. maí 1962.

Nr. 43/1962.

Guðjón Magnússon

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Ágúst Fjeldsted f. h. Daniels Peters Tomsens

(Gísli Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um kaup sjómanns.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. marz 1962, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda hér fyrir dómi.

Því er lýst í máli þessu, að látið hafi verið undan fallast að lögskrá stefnda á bát áfrýjanda, enda þótt báturinn hafi verið 16 rúmlestir að stærð, og að hvorki hafi verið gerður sérsamningur með aðiljum um kjör stefnda á bátnum né ráðning hans fallið undir ákvæði kjarasamnings. Þar sem málum var svo háttað og áfrýjandi hefur ekki leitt rök að því, að krafa stefnda sé ósanngjörn, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðjón Magnússon, greiði stefnda, Ágúst Fjeldsted f. h. Daniels Peters Tomsens, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu
18. febrúar 1961.**

Ár 1961, miðvikudaginn 18. febrúar, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu í málinu nr. 10/1958 Daniel Peter Thomsen gegn Guðjóni Magnússyni kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 18. nóv. 1958, af Ágúst Fjeldsted hrl. f. h. Daniels Peters Tomsens, Suma, Færeyjum, gegn Guðjóni Magnússyni, Sandgerði, til greiðslu á kaup, að fjárhæð kr. 4.700.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1957 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins. Undir flutningi málsins hefur stefnandi lækkað stefnukröfuna niður í kr. 4.620.29.

Stefnt var í framhaldssök til hækkunar á stefnukröfunni um kr. 2.774.93 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins auk 55% yfirfærslugjalds á upphæðir í aðalsök og framhaldssök. Loks krafðist stefnandi sjóveðréttar í m/b Andvara, GK 174, fyrir öllum tildæmdum kröfum.

Málavextir eru þeir, að stefnandi máls þessa réð sig á vetrarvertíð á m/b Andvara, sem gerður var út frá Sandgerði. Var fyrst byrjað á þorskanetjaveiðum og þær stundaðar til 1. marz, þá á loðnuveiðum til 13. apríl og síðan aftur á netjum og þeim hætt 4. maí, eða samtals í 102 daga. Á þorskanetjunum varð aflahluturinn kr. 1.734.98, en þar við bætist orlof, kr. 104.10, en hins vegar á loðnuveiðunum varð aflahluturinn kr. 9.613.86 auk orlofs, kr. 476.83. Þegar vertíðinni lauk, gerði stefndi upp við stefnanda og greiddi honum kr. 126.60 pr. dag yfir vertíðina, en það var kauptrygging háseta á línuveiðum samkvæmt þágildandi kjarasamningum. Þessu uppgjöri vildi stefnandi ekki una, og er það orsök máls þessa.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefnda hafi ekki verið heimilt að jafna aflahlutnum á loðnuveiðunum yfir á aflahlut á línuveiðunum, heldur hafi hann átt að gera upp við menn sína, er skipt var um veiðarfæri. Eigi hann rétt á kauptryggingu á netjaveiðunum, en það er kr. 126.60 á dag í 58 daga, þ. e. kr. 7.342.80, og aflahlutinn á loðnuveiðunum, þar sem fiskazt hafi fyrir meira en tryggingu, kr. 10.190.69, og síðan kr. 540.00 í ferðakostnað, og geri þetta kr. 18.073.49, en frá því dragist

kr. 13.453.20, sem þegar hefur verið greitt. Eftirstöðvar verða því kr. 4.620.29. Stefnandi hefur fallið frá kröfum sínum í framhaldssök nema kröfu sinni um sjóveðrétt.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að í raun og veru hafi hann greitt stefnanda meira en hann átti að fá, því að engir samningar um kauptryggingu á netjaveiðum hafi verið á þeim tíma, er hér um ræðir, og hafi sér ekki borið að greiða meira en aflahlut, eða kr. 11.999.77, og kr. 540.00 í ferðakostnað, þ. e. kr. 12.539.77, og ætti hann því inni hjá stefnanda kr. 813.43.

Það er algild regla, að gert er upp við sjómenn í hvert skipti og skipt er um veiðarfæri. Bar því stefnda að gera upp við stefnanda sér í lagi eftir loðnuveiðarnar, og verður því aflahlutur sá, er fékkst af loðnuveiðunum, tekinn til greina, eins og hann liggur fyrir, þar sem ekki er deilt um aflaverðmætið.

Enginn kjarasamningur fyrir veiðar með þorskanet var til í Sandgerði vetrarvertíðina 1957, því veiðar með þorskanetjum voru ekki almennt hafnar þá. Stefnda hefur þó fundizt það sjálfsagt að gera upp við sjómenn sína samkvæmt kjarasamningi fyrir veiðar með línu og svo hitt, að það mun hafa verið forsenda fyrir því, að stefnandi réð sig á bát stefnda, að hann fengi ekki lakari kjör en á línuveiðunum, og fengi þannig sömu tryggingu þó veitt væri með netjum. Af þessum sökum getur dómurinn ekki fallizt á annað en taka kröfu stefnanda um kauptryggingu til greina.

Eigi verður fallizt á kröfu stefnanda um sjóveðrétt í m/b Andvara, þar sem sjóveðrétturinn var niðurfallinn, er stefna var gefin út samkv. 252. gr. laga nr. 56/1914, sbr. 236. gr. sömu laga.

Jóhann Þórðarson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðmundi Sigurjónssyni og Gunnlaugi Stefánssyni.

Málskostnaður ákveðst kr. 1350.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðjón Magnússon, greiði stefnandanum, Daniel Peter Tomsen, kr. 4.620.29 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1957 til greiðsludags og kr. 1350.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.